

21. Frumvarp

til laga um framkvæmd eignarnáms.

(Lagt fyrir Alþingi 1917).

1. gr.

Nú er í lögum heimilað eignarnám, og skal þá fara um framkvæmd þess sem hjer segir, nema heimildarlögin sjálf mæli öðru vísi fyrir.

2. gr.

Endurgjald skal ákveða eftir mati tveggja óvilhallra, dómkvaddra manna,

sem nefndir skulu af dómara þess lögsagnarumdæmis, þar sem eign sú liggur, er tekin skal eignarnámi. Nú á eignarnám að fara fram handa bæjar- eða sveitarfjelagi, og skulu þeir menn þá eigi kvaddir matsmenn, sem eru í þjónustu sveitarfjelagsins eða sæti eiga þar í bæjar- eða sveitarstjórn.

3. gr.

Matsmenn skulu með hæfilegum fyrirvara, er þeir sjálfir ákveða, bjóða þeim, er hlut eiga að máli, að vera viðstaddir gjörðina, þegar hún hefst. Má það gera í ábyrgðarbrjefi eða á annan hátt, svo sanna megi að birting hafi farið fram.

Gefinn skal aðiljum kostur á að skýra mál sitt, skriflega eða munnlega, og kynna sjer það, sem þegar er fram komið. En því að eins verður gjörðinni frestað, að matsmenn telji einhvern aðilja þurfa að afla sjer frekari gagna.

4. gr.

Birta skal matsgjörðina brjeflega aðiljum eða þeim, er hana voru viðstaddir þeirra vegna.

Að matsgjörð lokinni má eignarnemi taka hið numda í sína vörslu án þess hindrað verði með áfrýjun gjörðarinnar, gegn því að greiða matsverðið og allan áfallinn matskostnað.

5. gr.

Nú vill aðili áfrýja matsgjörð, og skal hann þá innan 4 vikna frá því gjörðin fór fram snúa sjer til þess dómara, er matsmennina kvaddi.

Áfrýja má til *venjulegs yfirmats* eða *sjerstaks yfirmats*.

6. gr.

Venjulegt yfirmat framkvæma þeir óvilhallir, dómkvaddir menn, er uppfylla skilyrði þau, er um getur í 2. gr.; þeir kjósa sjer oddvita sin á meðal.

Nú er eignarnemi bæjarfjelag, þar sem dómari er oddviti bæjarstjórnar eða bundinn öðrum störfum fyrir bæjarfjelagið, og má þá krefjast þess að stjórnarráðið kveði yfirmatsmennina, enda sje þess krafist um leið og áfrýjað er.

Yfirmatsmenn skulu framkvæma matið á sama hátt sem matsmennirnir, en eigi skal aðiljum neitað um frest til þess að afla sjer nýrra gagna, ef þeirra telst nokkur þörf.

Nú hefur eignarnemi krafist yfirmats, og ber honum þá að greiða allan kostnað, sem þar af leiðir, og sömuleiðis þótt aðrir málsaðiljar hafi krafist þess, ef matsverðið er hækkað að minsta kosti um 10%.

7. gr.

Nú er þess krafist að eignarbætur sjeu 2000 kr. eða meira, og má þá í stað *venjulegs yfirmats* krefjast *sjerstaks yfirmats*. Jafnframt og áfrýjandi krefst þessa mats, skal hann greiða dómaranum 300 kr. fyrirfram af kostnaðinum, sbr. 5. gr.

Til sjerstaks yfirmats nefnir landsyfirrjetturinn 3 menn, skal einn þeirra

vera dómari í rjettinum og er sá oddviti matsmanna, en hinir skulu hafa sjerþekkingu á því sviði, sem um er að ræða.

Um kostnað við sjerstakt yfirmat gilda ákvæði 6. gr.; þó ber ætíð að greiða matsmönnum þá þóknun, er þeir sjálfir ákveða.

8. gr.

Skyllt er mats- og yfirmatsmönnum að rannsaka verð eignarinnar eftir því sem verða má, bæði með því að krefjast munnlegra skýrslna af málsaðiljum sjálfum og yfirheyra aðra sem vitni, ef nauðsyn krefur. Matsmenn við hið sjerstaka yfirmat mega og, ef nauðsyn ber til, afla sjer skýrslna frá sjerfræðingum og skal sá kostnaður, er það hefur í för með sjer, teljast með matskostnaðinum.

9. gr.

Matsverð eignar skal miðað við alment gangverð hennar í kaupum og solum, og sje um hluta fasteignar að ræða skal frá matsverðinu draga það, sem hinn hluti eignarinnar við eignarnámið hefur stigið í verði fram yfir aðrar eignir, svo sem þegar spilda er tekin eignarnámi undir götu og við það vinst hússtæði við götuna; svo ber og hinsvegar að taka tillit til þyngsla og óþæginda, sem af eignarnáminu kunna að hljótast fyrir þann hluta eignarinnar, sem eftir er.

Nú notar annar en eigandinn eignina alla eða að nokkru leyti, og skal þá endurgjaldið ákveðið einnig með tilliti til þessa og þeim ætlaðar sjerstakar bætur, sem missa kunna afnotin.

10. gr.

Endurgjaldið skal greitt sem fyrst eftir að upphæðin hefur verið ákveðin, nema eignarnemi vegna áfrýjunar óski þess að fresta því að taka við eigninni.

Eignarnemi skal sjá um, að veðeigendum, sem kunna að eiga tilkall til einhvers hluta endurgjaldsins, sje annaðhvort greidd upphæðin eða lögð til hliðar til greiðslu síðar. Nú er tekinn eignarnámi svo lítill hluti fasteignar að eigi er að ræða um verulega rýrnun í verði, og má þá eignarnemi, ef engin krafa kemur fram frá veðeigendum, greiða þeim endurgjaldið, er fyrir eignarnáminu varð, og skal sá sjá um, að fullnægt sje kröfum þeim, er kunna að koma fram af veðeigenda hálfu.

Athugasemdir við frumvarp þetta.

Í ýmsum lögum frá síðustu árum hefir verið heimilað eignarnám, og þar eð frumvörp þessu viðvikjandi oft og einatt koma frá þingmönnum, hefur ekki verið unt að komast hjá því, að ýmislega hefur verið kveðið á um, hvernig framkvæma skuli eignarnámið og ákveða endurgjaldið. Sem dæmi má nefna, að tvenn lög 10. nóv. 1913, önnur um eignarnám undir hafnarbryggju á Ísafíði en hin hafnarlög fyrir Vestmannaeyjar, hafa inni að halda gjörólikar ákvarðanir. Fyrri lögín segja aðeins, að matið skuli framkvæma tveir dómkvaddir, óvilhallir menn,

sem ekki eigi sæti í bæjarstjórninni, en síðari lögín kveða einnig á um, að stefna skuli málsaðiljum til gjörðarinnar, rjett til þess að krefjast yfirmats o. s. frv.

Það mun því væntanlega bæði verða hægðarauki fyrir löggjafarvaldið og tryggara að ákveðið sje í sjerstökum lögum, hvernig skuli framkvæma matið alment, og mætti því vísa til þeirra laga nema sjerstaklega standi á. Svo getur fyrir komið, þegar um víðtækt eignarnám er að ræða, t. d. undir járnbraut og er þá naumast hægt að komast hjá sjerstökum lögum um framkvæmdir í því efni; sömuleiðis koma sjerstakar ástæður til greina, þegar heimildarlögín verða að leggja það á vald sjerstakrar nefndar, hvort og hve víðtækt eignarnám skuli fram fara, sbr. t. d. lög um vatnsveitu í löggiltum verzlunarstöðum 22. okt. 1912.

Mjög oft mundi þó líklega verða gagn að því að geta vísað til almennra laga um framkvæmd eignarnáms, og gætu þau lög þá að minsta kosti orðið lögð til grundvallar, ef breyta þyrfti til í einhverjum atriðum.

Þegar um slík almenn lög er að ræða, verður auðvitað að taka tillit til þess, að verðmæti þess, sem tekið getur orðið eignarnámi, er mjög mismunandi, lausafje eigi síður en fasteignir; það hefur því þótt rjett að farið væri að eins og hingað til hefur tíðkast í öllu verulegu, en setja að nokkru leyti nýjar reglur um yfirmat, sem eigi aðeins eigi við, þegar um smáræði er að ræða, heldur einnig þegar á að taka eignarnámi verulega mikla eða stór-eign einhvers manns og hann því verður að eiga heimting á nákvæmri rannsókni, áður en hann verður skyldaður til að láta af hendi eign sína.

Það er því að eins hægt að semja lög, sem hafi inni að halda ákvæði, sem eigi við í ýmsum tilfellum, að haldið sje rjetti þeim til þess að krefjast yfirmats, sem hingað til hefur verið almennur. Annarsstaðar er það að vísu venja, að láta sjer nægja mat, sem eigi verður áfrýjað, en aftur á móti framkvæmt af stærri nefnd og sjerstaklega sjerfróðri, og væri líklega rjettast að fara svo að, þegar um víðtækari eignarnám er að ræða, en í flestum tilfellum mundi verða hægara og kostnaðarminna að ganga út frá því, að ákveða skuli endurgjaldið tveir dómkvaddir menn, en um leið að heimila þeim, er þykist verða fyrir röngu, áfrýjunarrjett.

Með þetta fyrir augum er frumvarpið samið.